

LÆRDÓMSVIÐMIÐ Í REKSTRARFRÆÐI

ÞEKKING

Lærdómsviðmið fyrir diplómanám í rekstrarfræði tilgreina að handhafar prófgráðunnar geti beitt aðferðum og verklagi þekkingar innan fræðasviðsins eins og hér greinir:

Kunni skil á helstu reglum um bókhald.

Hafi grunnþekkingu á hagnýtri stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Skilji hagfræðileg viðfangsefni og þekki grunnstoðir fjármálakerfisins.

Öðlist skilning á grunnatriðum fjármálafræði.

Skilji hvernig aðferðafræði og aðferðir rekstrargreiningar notast af mismunandi stjórnendum.

Skilji mikilvægi liðs í stofnun fyrirtækja og öðlist aukinn skilning á liðshegðun.

Skilji hvernig rekstrargreining hefur áhrif á gæði ákvarðanatöku og hegðun stjórnenda.

LEIKNI

Lærdómsviðmið fyrir diplómanám í rekstrarfræði tilgreina að handhafar prófgráðunnar geti beitt aðferðum og verklagi þekkingar innan fræðasviðsins eins og hér greinir:

Geti framkvæmt kostnaðargreiningar og útbúið einfaldar rekstraráætlanir.

Geti beitt þekkingu sinni í hagnýtri stjórnun, rekstri og öryggismálum.

Geti reiknað og bókað allar helstu færslur og aðgerðir í bókhaldi.

Sé meðvitaður um samfélagslegar kröfur til stjórnenda og umhverfi þeirra út frá ólíkum viðhorfum og gildismati.

Skilji mikilvægi mannglegra samskipta á vinnustað og þekki vel til öryggismála og mikilvægis heilbrigðs vinnuumhverfis.

HÆFNI

Lærdómsviðmið fyrir diplómanám í rekstrarfræði tilgreina að handhafar prófgráðunnar geti beitt þekkingu sinni og leikni á hagnýtan hátt eins og hér greinir:

Staðið fjárhagslega fyrir rekstri smærri fyrirtækja.



Skilji mikilvægi mannglegra samskipta á vinnustað og þekki vel til öryggismála og mikilvægis heilbrigðs vinnuumhverfis.

Öðlist hæfni til að takast á við hlutverk og ábyrgð við rekstur fyrirtækja.

Geti metið tengsl á milli ákvarðanatöku og upplýsinga.

Geti metið mismunandi áætlanagerðaraðferðir.

Geti beitt viðskiptafræðilegri dómgreind og haft frumkvæði.